

109
24. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkissjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1955 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

110
24. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist:

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans þrátt fyrir það sama rétt til lífeyris eins og hann hefði hlotið, ef hinn látni hefði verið orðinn 65 ára gamall, er hann lézt. Ákvæði þetta gildir einnig um lífeyrisrétt maka fyrrverandi alþingismanns, sem var látinn áður en lög þessi gengu í gildi.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður gengið í hjónaband á þeim tíma, er hann naut lífeyris samkvæmt lögum þessum, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Þegar alþingismaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, andast, áður en hann hefur setið á þingi þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á maki hans rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum vaxtalaus iðgjöld þau, er hinn látni hafði borgað í sjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.